
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2013-01
Fundartími:	Fimmtudagur 14. febrúar 2013 kl. 10:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar.
	2) Skipan raforkuhóps og skipulag starfsins.
	3) Raforkunotkun ársins 2012.
	4) Fréttatilkynning um raforkunotkun 2012.
	5) Notkunarflokkar raforku 2012 og gögn um afl.
	6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Erla Björk Þorgeirsdóttir
	Rúnar Svavar Svavarsson
	Sigurður Ágústsson
	Sverrir Jan Norðfjörð
EFLA:	Jón Vilhjálmsson
	Ingvar Baldursson
Orkustofnun:	Pétur Sólnes Jónsson
Fjarverandi:	Baldur Dýrfjörð
	Ásgeir Sigtryggsson
	Pétur E. Þórðarson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) JV sagðist hafa fengið tilkynningu frá Sæmundi um að Sverrir Jan Norðfjörð tæki sæti Landsnets í hópnum. Fundarmenn buðu Sverri velkominn til starfa. Engar aðrar breytingar eru nú á starfi hópsins.
- 3) IB fór yfir tölur um raforkunotkun ársins 2012 og sýndi Excel skjal um notkunina. Raforkuvinnsla var 17.549 GWh árinu 2012 og jókst um 2,0% frá fyrra ári. Flutningstöp voru 339 GWh en þau jukust um 5,0% á milli ára, mest á síðasta ársfjórðungi ársins. Samkvæmt þessum tölum hefur almenn notkun aukist um 1,7% og er aukningin svipuð eftir hitastigsleiðréttingu. Stórnotkun hefur aukist um 2,0%. Almennrar forgangsorku stendur í stað á milli ára. Ótryggð orka eykst um 15,4% og 15,6% eftir leiðréttingu.

- 4) JV fór yfir drög að fréttatilkynningu um raforkunotkun og sagðist hafa uppfært tölur úr tilkynningunni frá því í fyrra og aðlagð. Engar tillögur komu um breytingar á tilkynningunni. JV mun þegar öll gögn liggja fyrir senda uppkastið að fréttatilkynningu á fundarmenn til að fá athugasemdir.
- 5) IB sagði að notkunarflokkar væru komnir frá öllum veitunum sem væri fyrr en undanfarin ár. Hann sýndi fyrstu niðurstöður varðandi notkunarflokkana. Hann benti á að dreifitöp hafa minnkað frá 2011 sérstaklega hjá Rarik og Norðurorku en þau hafa aukist nokkuð hjá Rafveitu Reyðarfjarðar. Búið er að keyra inn gögn um afl en virkjunum þar sem áætla þarf vinnslu klukkutíma fyrir klukkutíma út frá innmötun hefur fækkað mikið og eru einungis þrjár á síðasta ári (Nesjavellir, Hellsheiði og Vatnsfell). Hann sýndi nokkrar myndir um afl og benti á að ósamræmi væri í gögnum Orkuveitu Reykjavíkur og Landsnets um innmötun á Nesjavöllum og Hellsheiði.
- 6) Rætt var um skilgreiningar á notkunarflokkum og hvort þörf væri á að breyta þeim. Ákveðið var að ræða þetta frekar á næsta fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 14. mars 2013.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Drög að fréttatilkynningu: „Raforkunotkun ársins 2012“.
- Tölur um raforkunotkun á árinu 2012.
- Nokkrar myndir um raforkunotkun 2012.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
JV	Ganga frá uppkasti að fréttatilkynningu og senda á fundarmenn
JV/IB	Skilgreiningar á notkunarflokkum